

## HAFNARREGLUGERÐ

### fyrir Faxaflóahafnir sf.

#### 1. gr.

##### *Stærð og takmörk hafnanna.*

- a. **Reykjavíkurbær:** Hafnarsvæði Reykjavíkurbæjar er fyrir allri norðurstrandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur allt frá Gróttutöngum á Seltjarnarnesi og að Kjarnestanga. Á þessu svæði eru siglingaleiðir að hafnarsvæðum um Engvejarsund, Viðeyjarsund, Eiðsvík og Kollafjörð. Undanskilin er strandlengja í lögsagnarumdæmi Mosfellsbæjar.
- Takmörk á sjó eru:* Lína dregin úr Gróttuvita réttvísandi 37° í Kjarnestanga. Undanskilin eru svæði sem ákvarðast af netalögum.
  - Mörk innri - hafnar í Reykjavík í reglugerð þessari eru:* Gamla höfnin innan hafnargarða, Sundahöfn austan Laugarnestanga, Gufunes, Eiðsvík og viðlega við Eyjargarð. Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.
  - Takmörk á landi eru:*
    - Gamla höfnin: Skilgreining á afmörkun svæðis er lína dregin úr sjó við fyllingarkant vestan Fiskislóðar, meðfram hringtorgi við Ánanaust og þaðan í enda Mýrargötu. Mörk liggja síðan í austurkanti Mýrargötu og Geirsgötu að línu sem liggur 20 metra innan Austurbakka frá gatnamótum Pósthússtrætis og Geirsgötu að og með Faxagarði. Ingólfsgarður með aðkomu og landi utan og austan Faxagötu.
    - Sundahöfn: Vesturmörk hafnarsvæðisins afmarkast af Laugarnesi við vesturkant Klettagarða og þaðan í sjó fram. Svæðið liggur síðan meðfram norðurkanti Sæbrautar að Sundagörðum, niður með vesturkanti Sundagarða að gatnamótum Vatnagarða og þaðan meðfram norðausturkanti Vatnagarða að Holtavegi, þaðan niður Holtaveg að gatnamótum Skútuvogs og síðan meðfram austurkanti Skútuvogs að norðurkanti Kleppsmýrarvegur og meðfram honum yfir Gelgjutanga í sjó fram.
    - Ártúnshöfði: Svæðið afmarkast af norður götukanti Sævarhöfða meðfram lóðunum nr. 31 og 33 við Sævarhöfða að lóðamörkum Bryggjuhverfis og þaðan í sjó fram.
    - Gufunes: Svæðið er land og lóðir á Gufunesi í eigu Faxaflóahafna sf.
  - Helstu starfssvæði hafnarinnar í Reykjavík eru:* Gamla höfnin, Sundahöfn - Klettasvæði, Sundahöfn - Vatnagarðar, Sundahöfn - Kleppsvík, Ártúnshöfði og Gufunes.
- b. **Akraneshöfn:** Mörk Akraneshafnar er fyrir strandlengju lögsagnarumdæmis Akraneskaupstaðar frá Sólmundarhöfða í suðaustri til Vestriflasartáar.
- Takmörk á sjó eru:* Vestriflasartá í Suðriflasarenda og þaðan í Þjótarsker, en að sunnan og austan markast höfnin af beinni línu sem dregin er úr Þjótarskeri í vestanverðan Sólmundarhöfða.
  - Takmörk á landi eru:* Annars vegar fyrir strandlengju Akraneskaupstaðar frá enda Faxabrautar í suðaustri með ströndinni um Faxabraut, um göngustíg upp af Ferjubryggju meðfram Halakotsbakka um Akursbraut og Hafnarbraut og þvert niður í sjó fyrir enda Breiðargötu 8. Hins vegar úr enda Lambhúsabryggju við Bakkatún, um Krókatún að Krókalóni, vestur Grenjar og fram á Vestriflasartá.
  - Mörk innri - hafnar:* Höfninni er skipt í tvennt, annars vegar Lambhúsasund að vestan, en hins vegar innan hafnargarðs Krossvíkur að austan.
- c. **Grundartangahöfn:** Hafnarsvæði Grundartangahafnar takmarkast á landi og sjó að austan af línu sem er dregin frá landamörkum Kataness og Langholts í suðaustur út í miðjan Hvalfjörð og þaðan eftir miðjum Hvalfirði að vesturmörkum hafnarsvæðis í línu, sem er dregin frá vesturmörkum Klafastadalands í suðaustur. Að norðan afmarkast hafnarsvæðið af landamörkum eignarlands Faxaflóahafna sf.
- d. **Borgarneshöfn:**
- Takmörk á sjó eru:* Borgarneshöfn takmarkast að austan innan línu, sem hugsast dregin úr syðstu töngum Borgareyja inn Borgarfjörð, í 200 m fjarlægð frá syðstu töngum Stóru-Brákareyjar og Borgarness, móts við Kveldúlshöfða, og hornréttu línu upp í höfðann, að

vestan innan línu, sem hugsast dregin úr vesturtöngum Borgareyja inn Borgarfjörð og Borgarvog, í 200 m fjarlægð frá Dílatanga og hornréttri línu upp í tangann. Að sunnan takmarkast hafnarsvæðið af línu þvert um fjörðinn 400 m fyrir innan nyrsta tanga Borgareyja.

- b. *Takmörk á landi eru:* Lóðin nr. 22 við Brákarbraut, Borgarnesi, um 7.800 fermetrar að stærð, tilheyrir höfninni. Um takmörk lóðarinnar vísast að öðru leyti til þinglýsts lóðarleigusamnings dags. 21. desember 2001.

Landssvæði hafnanna skiptast í:

1. Hafnarbakka og bryggjur.
2. Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
3. Götur og opin svæði.
4. Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

Í viðauka reglugerðarinnar er tafla yfir hnitsetningu hafnarmarka á landi og á sjó. Hnitatöflurnar skilgreina hafnarmörk Reykjavíkurhafnar, Gömlu höfnina, Sundahöfn, Ártúnshöfða og Gufunes, svo og Grundartangahöfn og Akraneshöfn.

Á heimasíðu Faxaflóahafna sf. er að finna hnitsettar teikningar af framangreindum hafnarsvæðum (faxaflóahafnir.is > hafnarreglugerð).

## 2. gr.

### *Stjórn hafnanna.*

Eigandi hafnanna eru Faxaflóahafnir sf. sem er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurborgar, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar, Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveitar.

Æðsta vald í málefnum Faxaflóahafna sf. er í höndum aðalfundar og lögmætra eigendafunda samkvæmt samþykktum félagsins. Stjórn sameignarfélagsins, sem nefnist hafnarstjórn, fer með málefni félagsins á milli aðalfunda. Hafnarstjórn skipa 8 fulltrúar og jafnmargir til vara, auk þess sem Akraneskaupstað er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Skipting sæta í stjórn félagsins fer eftir ákvæðum gildandi sameignarfélagssamnings Faxaflóahafna sf. Ennfremur er starfsmönnum Faxaflóahafna sf., heimilt að kjósa einn fulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 3. gr.

### *Starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.*

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum Faxaflóahafna sf.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnanna, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leigu á húsnæði og landi í eigu Faxaflóahafna sf.

Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot af hafnarsvæðinu fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilegri hafnarstarfsemi.

Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

Faxaflóahöfnum sf. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar.

Áður en ákvörðun er tekin um arðgreiðslur skal hafnarstjóri leggja fyrir hafnarstjórn skriflegt mat á viðhalds- og endurnýjunarþörf eigna félagsins næstu tvö ár.

## 4. gr.

### *Starfs- og valdsvið hafnarstjóra.*

Hafnarstjóri er ráðinn af hafnarstjórn og sér hann um daglegan rekstur félagsins í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykpta hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn upplýsingar um málefni Faxaflóahafna sf. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Hann er yfirmaður allra starfsmanna Faxaflóahafna sf. og sér um ráðningu þess og uppsögn þeirra.

Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerða, auk reglugerðar þessarar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á öllum hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. hvort sem er á sjó eða landi. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur störf við eftirlit og aðgæslu.

5. gr.

*Um aðra starfsmenn Faxaflóahafna sf.*

Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum Faxaflóahafna sf., gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

Starfsmenn Faxaflóahafna sf. skulu gæta allrar kurteisi í starfi en skipunum starfsmanna ber að hlýða þegar í stað. Telji einhver sig órétti beittan af hálfu starfsmanna Faxaflóahafna sf. getur hann kært það til hafnarstjóra.

6. gr.

*Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.*

Þjónusta við skip er unnin af starfsmönnum Faxaflóahafna sf. eða þeim sem falið hefur verið það verkefni samkvæmt samningum, í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnanna.

Skip sem er lengra en 60 metrar (mesta lengd) og skip sem flytja hættulegan varning, skulu taka hafnsögumann um borð við siglingu inn í, út úr eða um hafnir Faxaflóahafna sf.

Sérhvert skip, sem ætlar til einhverrar af höfnum Faxaflóahafna sf. og óskar eftir hafnsögu, skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3ja klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ½ sjómílu út fyrir ystu mörk viðkomandi hafnar, ef skipstjóri æskir þess. Í Reykjavík ber hafnsögumanni að fara til móts við skip allt að 1 sjómílu undan Gróttutöngum ef skipstjóri æskir þess og á Akranesi að ljósdufli nr. 11. Skip á leið til Grundartanga fá hafnsögumann 1 sjómílu, 250° frá ljósdufli við Brekkuboða.

Hafnsögumaður vísar skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Hafnarstjóra, að fenginni umsögn yfirhafnsögumanns, er heimilt að veita skipstjóra skips, sem skylt er að lúta hafnsögu skv. þessari grein, undanþágu frá því að taka hafnsögumann um borð. Skilyrði undanþágu er mat yfirhafnsögumanns á hæfni skipstjóra til siglinga um hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. Undanþágan gildir einungis til siglinga á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á. Nú hefur skipstjóri ekki gengt skipstjórnarstörfum í 2 ár og fellur undanþágan þá niður. Synjun hafnarstjóra á undanþágu getur umsækjandi borið undir hafnarstjórn.

Undanþága frá hafnsögu skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa talstöðvarsamband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá undanþágunni fyrirvaralaust.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkt, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingastofnunar Íslands. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna

Höfnin veitir, meðal annars eftir atvikum, aðstoð dráttarbáta, sér um bindingu skipa, sölu og afgreiðslu vatns og rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni.

Dráttarbátar Faxaflóahafna sf. eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið.

## 7. gr.

*Löggæsla á hafnarsvæðinu, umferð og fleira.*

Lögregla í hverju lögregluumdæmi fyrir sig hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf.

Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga á hafnarsvæði er bannað að dvelja þar ef þeir með því tálma lestun, losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja og ónauðsynlega umferð gangandi fólks um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðsluvæði á hafnarsvæðum. Fólk sem fer um hafnarsvæði er þar ávallt á eigin áhættu og ábyrgð.

Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við eða í höfnum Faxaflóahafna sf. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðum án leyfis.

Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðum án leyfis hafnarstjóra. Fiskveiðar á hafnarsvæðum mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á eðlilegar og/eða merktar siglingaleiðir innan hafnarmarkna og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótaalaust.

Hafnarstjóra skal þegar í stað tilkynnt um allt það sem bjargað er úr höfnum Faxaflóahafna sf. en hann gefur lögreglunni skýrslu, telji hann þess þörf.

Bannað er að iðka sund, vera á seglbrettum eða sjóskíðum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðunum án leyfis hafnarstjóra.

## 8. gr.

*Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það, að áliti hafnarstjóra, tálmar greiðri notkun hafnar, skal það fært í burtu svo fljótt sem auðið er af eiganda, umráðamanni eða öðrum sem málið varðar. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og skal það flutt á öruggan stað, að vali og eftir mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi skip, til lúkningar á kostnaði, á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja skipið tafarlaust. Sala fari fram á kostnað og ábyrgð eiganda og/eða umráðamanns skips.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis hafnarstjóra.

Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður, í eigu annarra en Faxaflóahafna sf., er í hirðuleysi á hafnarsvæði og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa eiganda og/eða umráðamanni að gera nauðsynlegar úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns og koma fyrir í geymslu á öruggum stað, eftir vali og mati hafnarstjóra.

Hafnarstjóra er heimilt að láta selja viðkomandi hlut á hvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir, til lúkningar á kostnaði, að undangenginni áskorun til eiganda og/eða umráðamanns um að fjarlægja hlutinn tafarlaust. Sala fari fram á ábyrgð og kostnað eiganda og/eða umráðamanns.

## 9. gr.

*Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

Engum úrgangi eða rusli má kasta í hafnir Faxaflóahafna sf.

Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt, inn í hafnir, hvalshræ, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfnunum nema leyfi hafnarstjóra komi til.

Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í hafnirnar olíu, lýsi, olíusora eða öðru sem valdið getur mengun.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir til að eldsneyti renni ekki í sjóinn af þilfari ef óhapp verður við eldsneytistöskuna. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa, að mati hafnarstarfsmanna, gert forsvaranlegar ráðstafanir til varnar mengun.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

## 10. gr.

*Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.*

Allir þeir sem óska eftir afgreiðslu fyrir skip, láni á tækjum eða þjónustu á einn eða annan hátt hjá höfnunum, skulu snúa sér beint til starfsmanna Faxaflóahafna sf. með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða þjónustu, sem eru í vanskilum með gjöld til Faxaflóahafna sf. og hafa ekki sinnt ítrekuðum áskorunum hafnarinnar um greiðslu gjaldfallinna gjalda. Í slíkri áskorun skal geta um þær afleiðingar af vanskilum sem koma fram í 1. málslíð greinarinnar.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni nema með leyfi hafnarstjóra.

## 11. gr.

*Hverjum gefa skal fyrirmæli.*

Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi. Ef stýrimaður er einnig fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipanir og er það jafngilt sem skipstjóri hefði sjálfur tekið við skipunum. Ef ekki næst í neinn framangreindra má beina fyrirmælum til eiganda eða umboðsmanns hans.

## 12. gr.

*Um skaðabótaskyldu.*

Um skaðabótaskyldu þeirra sem leið eiga um hafnir og hafnarsvæði Faxaflóahafna sf., vegna skemmda á höfn, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum skaðabótareglum.

Ef ekki næst samkomulag um fjárhæð skaðabóta skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra matsmanna, dómkvaddra af héraðsdómi Reykjavíkur eða héraðsdómi Vesturlands, eftir því hvaða lögsagnarumdæmi höfnin tilheyrir. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að óska dómkvaðningar samkvæmt þessari grein. Kostnaður af mati greiðist að jöfnu.

Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, innan mánaðar frá því matsgerð samkvæmt 2. mgr. liggur fyrir og hefur verið kynnt aðilum. Til yfirmats skal dómkveðja þrjú matsmenn. Kostnaður við yfirmat greiðist af þeim sem þess krafðist, nema það sé honum í vil, þá skal kostnaður greiðast að jöfnu.

Niðurstaða dómkvaddra matsmanna, hvort sem er samkvæmt 2. eða 3. mgr. skal vera endanleg niðurstaða um bótafjárhæð.

Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni fyrr en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að mati hafnarstjóra.

## 13. gr.

*Kæruheimild.*

Notendum hafna Faxaflóahafna sf. er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórnar samkvæmt reglugerð þessari, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til Siglingastofnunar Íslands. Ákvörðunum Siglingastofnunar má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórn-sýslulaga.

## 14. gr.

*Brot.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Um mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

15. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003 og 17. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn nr. 130/1986, reglugerð fyrir Akraneshöfn nr. 438/1988, reglugerð fyrir Grundartangahöfn nr. 214/1980 og reglugerð fyrir Borgarneshöfn nr. 146/1975, allar með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytinu, 19. maí 2009.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI

Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur

Hnit eru í hnitakerfi ISV93

Reykjavík - Ytri mörk á sjó			Sundahöfn - Klettavæfi			Artúnshöfn			Gundartangi			Akranes - innimörk á landi		
Pkt.	X	Y	Pkt.	X	Y	Pkt.	X	Y	Pkt.	X	Y	Pkt.	X	Y
U-1	2860.941	2005.115	L-1	1928.955	1949.242	L-1	1732.229	1650.887	L-1	3654.3124	4302.51685	L-1	35079.960	42687.462
U-2	21126.764	27998.164	L-2	19410.531	19088.570	L-2	1728.854	1640.074	L-2	3632.601	4307.271	L-2	35056.316	42680.882
			L-3	19453.251	19048.657	L-3	17215.570	16513.228	L-3	364287.547	43225.191	L-3	35050.333	42697.752
			L-4	19605.451	19651.044	L-4	17183.007	16511.381	L-4	364398.341	43236.599	L-4	35050.345	42692.055
			L-5	19746.372	18889.364	L-5	17145.289	16504.627	L-5	364388.162	43263.792	L-5	35042.156	42701.156
			L-6	19752.158	18884.065	L-6	17117.601	16500.827	L-6	364454.701	43284.145	L-6	35046.224	42700.765
			L-7	19824.340	18925.527	L-7	17097.571	16497.693	L-7	36586.203	43370.900	L-7	35046.781	42707.554
			L-8	19838.688	18881.201	L-8	17046.415	16495.495	L-8	36732.348	43376.918	L-8	35049.550	42709.520
			L-9	19814.719	18746.243	L-9	16991.462	16482.011	L-9	36752.380	43368.528	L-9	35050.886	42707.646
			L-10	19813.630	18741.941	L-10	16883.956	16464.195	L-10	367400.860	43362.475	L-10	35049.789	427101.093
			L-11	19810.630	18725.434	L-11	16897.499	16471.653	L-11	367425.560	43354.766	L-11	35051.260	427117.075
			L-12	19809.646	18716.644	L-12	16862.194	16504.167	L-12	367420.382	433424.453	L-12	35053.783	427131.241
			L-13	19816.602	18705.527	L-13	16912.179	16533.690	L-13	367522.239	43382.137	L-13	35054.948	427131.322
			L-14	19811.703	18696.766	L-14	16884.916	16597.413	L-14	367522.239	43382.137	L-14	35056.413	427131.322
			L-15	19812.192	18685.542	L-15	16886.607	16625.311	L-15	367590.476	43387.056	L-15	35057.717	427134.882
			L-16	19813.786	18678.280	L-16			L-16	367798.380	43345.873	L-16	35058.747	427135.168
			L-17	19813.376	18670.222	L-17			L-17	367815.766	43351.190	L-17	350622.176	427131.407
			L-18	19764.768	18657.803	L-18			L-18	367866.053	43351.582	L-18	350631.875	427129.625
			L-19	19793.004	18651.355	L-19			L-19	367932.670	43354.645	L-19	350697.609	427123.335
			L-20	19748.818	18645.609	L-20			L-20	36800.417	43348.901	L-20	350790.071	427294.915
			L-21	19710.973	18639.957	L-21	16828.900	18119.165	L-21	36800.417	43348.901	L-21	350798.084	427296.884
			L-22	19537.785	18591.596	L-22	16613.965	18063.731	L-22	368076.183	43355.899	L-22	350804.584	427296.186
			L-23	19508.624	18582.831	L-23	16548.659	18054.759	L-23	368084.960	43339.792	L-23	350866.216	427298.250
			L-24	19456.484	18554.426	L-24	16447.781	18077.985	L-24	36820.852	43339.334	L-24	350918.752	42731.487
			L-25	19401.557	18537.391	L-25	16460.700	18090.229	L-25	36830.000	43012.000	L-25	350951.031	42733.117
			L-26	19377.408	18525.155	L-26	16442.758	18094.202	L-26	36832.000	43012.000	L-26	350971.386	42730.487
			L-27	19364.847	18520.368	L-27	16440.204	18084.196	L-27	36858.000	43018.000	L-27	35116.558	42743.299
			L-28	19342.673	18515.194	L-28	16131.418	18019.169	L-28	36820.000	42942.000	L-28	351173.059	427451.424
			L-29	19337.826	18515.194	L-29	15980.283	19150.888	L-29	36954.000	42816.000	L-29	35096.325	42756.028
			L-30	19313.824	18502.945	L-30	15779.936	19312.235	L-30	364615.535	42822.887	L-30	35096.630	42750.556
			L-31	19308.804	18506.306	L-31			L-31			L-31	35089.368	42734.623
			L-32	19344.112	18485.062	L-32			L-32			L-32	35086.639	42737.377
			L-33	19367.998	18480.478	L-33			L-33			L-33	35085.668	42730.988
												L-34	35083.181	42728.575
												L-35	35083.585	427297.826
												L-36	35080.558	427305.712
												L-37	350801.208	427317.628
												L-38	350844.586	427400.462
												L-39	350846.595	427395.179
												L-40	350879.498	427417.760
												L-41	35086.493	42743.344
												L-42	35086.496	42743.656
												L-43	350916.686	42742.650
												L-44	350849.700	42742.860
												L-45	350955.523	427387.469
												L-46	35091.364	427295.011
												L-47	350920.577	42741.884
												L-48	350986.625	42759.127
												L-49	350941.885	42758.900
												L-50	350944.146	42752.259
												L-51	350902.591	42756.767
												L-52	350435.756	42756.075
												L-53	350435.935	42743.439
												L-54	350426.622	42743.125
												L-55	350402.295	42746.489
												L-56	350944.206	42743.913

Þessi deild er aðallega byggð á byrja hægri/vinstri beygjuráttis

Hafnarstjóri Faxafloahafna  
September 2009

09184-100-01

Verkfæðistofa HNIT  
Mál nr. 09184-02/09  
Félagsnr. 09184-02/finnakirja.dna